

Ritgerðaskrif og heimildaskráning

Hjalti Snær Ægisson

vor 2010

RITGERÐASKRIF

Nokkur hugtök

- *Subject* = viðfangsefni
- *Thesis* = undirliggjandi skoðun, meginhugmynd (tesa)
- *Thesis question* = rannsóknarspurning

Tesa (*thesis*)

- Undirliggjandi skoðun, meginhugmynd. Rauði þráðurinn í textanum.
- Í *Craft of Research* er þetta einfaldlega kallað “main claim”.
- Án tesunnar verður textinn lítið annað en upptalning og endursögn!

Munurinn á upplýsingum og skilningi

- Fræðileg skrif eru texti sem á að auka skilning, ekki koma upplýsingum á framfæri.
- Skýrslur = upplýsingar.
- Ritgerðir, greinar = skilningur.

Tvær tegundir byggingar

- **Afleiðslubygging** (deductive structure). Tesa er sett fram í upphafi og svo fylgja fullyrðingar og rök sem rökstyðja hana.
- **Aðleiðslubygging** (inductive structure). Spurning sett fram í upphafi, svo eru ófullnægjandi svör og mótrök flysjuð burt í nokkrum skrefum. Tesa (svarið) kemur síðast.

Afleiðslubygging

- Afleiðslubygging er mun algengari gerð og gagnlegri, því henni má halda gangandi blaðsíðu eftir blaðsíðu, jafnvel í heilli bók, án þess að lesandinn verði ruglaður.
- Vandamálið er útskýrt í upphafi, svo eru rökin sett fram í skynsamlegri röð. Bestu rökin geymd þar til síðast, til að lesandinn fái tilfinningu fyrir stigmögnun.

Efnisgreinar (*paragraphs*)

- Þrjár tegundir efnisgreina:
- **Upphafsefnisgrein** (*beginning paragraph*)
- **Miðjuefnisgrein** (*middle paragraph*, einnig nefnt *body paragraph*)
- **Lokaefnisgrein** (*end paragraph*)


Upphafsefnisgreinar (*beginning paragraphs*)

- Venjulega kemur fullyrðingin fram fremst í efnisgreininni, en í upphafsefnisgreinum kemur hún aftast. Tesan leiðir inn í meginmál ritgerðarinnar. Þannig er byrjað vítt og efnið síðan þrengt.
- Reynt að fanga **athygli** lesandans.
- **Tónn** textans sleginn.
- **Tesan** sett fram.

Dæmi um byrjanir

- Spurning sem vekur til umhugsunar.
- Ögrandi fullyrðing.
- Dramatísing: Frásögn, sviðsetning, samræður.
- Tilvitnun.
- Samanburður/andstæður.
- Bakgrunnur/rætur viðfangsefnisins.

Opening Invitation



THESIS

Miðjuefnisgreinar

- Uppistaða textans, meginmálið sjálft.
Mismargar eftir því hvað ritgerðin er löng.
- Lykilsetningin (*topic sentence*) er höfð fremst.
- Skil í umræðunni, breytt sjónarhorn og umskipti (*transition*) kalla á nýja efnisgrein.
Þessi umskipti eru auðkennd með orðum eins og *en, hins vegar, þess vegna, vitanlega, að vísu, engu að síður, þar að auki ...*

Lykilsetningin (*topic sentence*)

- Lykilsetningin (*topic sentence*) er fremst í miðjuefnisgrein og tengir efnisgreinina við heildina, tesu ritgerðarinnar.
- Lykilsetningar eru alltaf sértækari og þrengri en tesan.
- Þær verða að vera skýrar og fókuseraðar og ná yfir allt efnið sem er afgreitt í viðkomandi efnisgrein.

Stuðningssetningar (*supporting sentences*)


- Fylgja á eftir lykilsetningunni og eru spunnar út frá henni. Þær víkka út lykilsetninguna og útlista efni hennar nánar.
- Stuðningssetningar eru ekki eins sérhæfðar og nákvæmar eins og lykilsetningar.
- Í stuðningssetningum er skýrt frá nánari upplýsingum, tekin dæmi, sagðar sögur, vitnað í heimildir, atriði borin saman.
- Stuðningssetningum er raðað eftir mikilvægi (veikustu rökin fyrst) eða tímaröð.

Lokasetningar (*closing sentences*)

- Lykilsetningin umorðuð, sett fram á annan hátt. Lesandinn áminntur um hvað textinn fjallar.
- Möguleiki á tengingu yfir í næstu efnisgrein.

Lokaefnisgreinar (*end paragraphs*)

- Í upphafi lokaefnisgreinar er komið aftur inn á tesuna.
- Í lokaefnisgreinum á helst ekki að endurtaka beint það sem sagt hefur verið áður, og ekki heldur kynna nýtt efni til sögunnar.
- Lokaefnisgreinin á að vera samantekt og lokaniðurstaða.



HEIMILDASKRÁNING

Þrjú kerfi heimildavísana

APA

Oxford

MLA

Auk þeirra eru ýmis önnur kerfi til.

APA-kerfið

- APA stendur fyrir *American Psychological Association*.
- Í APA-kerfinu eru heimildavísanir innan sviga í meginmálinu. Neðanmálsgreinar eru notaðar í annað en heimildavísanir.
- Önnur skyld heiti: *Author-Date system, Parenthetical Referencing*.

Svigar í meginmáli

- Svigar með heimildavísunum eru hafðir á eftir fullyrðingum sem sóttar eru í aðrar heimildir. Þegar um er að ræða inndregnar tilvitnanir eru svigarnir hafðir beint á eftir þeim.
- Beinar tilvitnanir sem eru lengri en þrjár línur eru inndregnar, vinstra megin eða báðum megin, án gæsalappa. Stundum er letrið haft smærra.

Dæmi um heimildavísun í sviga

Niðurlögum þeirra er ekki hægt að ráða að fullu nema með því að grafa líkið upp og hluta það sundur á einhvern hátt; brenna það eða höggva af því höfuðið. Að þessu leyti eru norrænir miðaldadraugar ólíkir draugum eins og þeim sem festast í sessi með gotnesku skáldsögunni á 19. öld – nærtækara væri að líkja þeim við vampírur (Ellis 2001, 122).

Í fornaldarsögunum er lítið rætt um trúarbrögð, enda eiga þær að gerast í fjarlægri fortíð þegar kristniþó er ekki enn komið á dagskrá á Norðurlöndunum. Það má því sjá verulegan mun á haugbrotum í Íslendingasögum frá því sem var í fornaldarsögum, enda eru átök heiðni og kristni oft miðlæg í Íslendingasögum. Í fyrrnefndri frásögn um haugbrotið í *Bárðar sögu Snæfellsáss* kemur sú hugmynd skýrt fram að draugar séu afl sem yfirvinna megi með bænum, skírn og guðsorði. Gestur Bárðarson er í fyrstu tregur til að vistast með Ólafi konungi Tryggvassyni, enda hefur

Hér í upphafi var vitnað til orða Steblin-Kamenskij um hættuna við að flokka miðaldertexta í bókmenntagreinar af of mikilli smásmygli. Í sömu bók hans er lýsing á því sem kallað er „einþættur (synkretískur) sannleikur“, en það er hugtak sem getur komið að gagni þegar frásagnir um drauga innan mismunandi bókmenntagreina eru bornar saman. Steblin-Kamenskij lýsir einþættum sannleik svo:

Sá sem flutti einþættan sannleik um fortíðina leitaðist bæði við að skýra rétt frá og endurskapa fortíðina í allri sinni lifandi heild. En þar með var þetta ekki aðeins sannleikur í eiginlegri merkingu, heldur og list, eða órofa eining þess sem er ósamrýmanlegt í huga manna nú á dögum. [...] Tilraunir til að ákvarða, hvað sé sögulegur og hvað listrænn sannleikur í [Íslendingasögum], eru með öðrum orðum leit að aðgreiningu innan sannleikshugtaks, sem á séreðli sitt og tilveru því að þakka, að slík aðgreining er þar einmitt ekki til (Steblyn-Kamenskij 1971, 19-20).

Merking drauga er háð samhengi textategundarinnar hverju sinni. Innan bókmenntagreinar eins og Íslendingasagnanna, sem byggja á einþættum sannleika, eru draugar alltaf „sannir“ á einhvern hátt. Návist drauga í textanum verður þannig farvegur fyrir siðferðilegt og/eða pólitískt gildismat, og tilefni til að setja fram visku eða sannindi

Höfundur

- Mannsnafnið í sviganum vísar til höfundar eða ritstjóra. Ef um er að ræða ritstjóra er það ekki tekið fram í sviganum, heldur bara í heimildaskránni.
- Engin komma er á milli höfundar og ártals.
(Buttlar 1981) (Clarke 1985)

Fleiri en einn höfundur

- Ef höfundar eru tveir eða þrír á að setja öll nöfnin í svigann:

(Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson 1994)

(Wynken, Blynkin og Nodd 1980)

Tveir höfundar með sama nafn

- Ef tveir höfundar eru að verkinu og eftirnafnið er hið sama á að birta nafnið tvisvar:

(Weinberg og Weinberg 1980)

Fleiri en þrjár höfundar

- Ef verk hefur fleiri en þrjár höfundar er venjan að hafa bara fyrsta nafnið (fylgja röðinni í bókinni sjálfri) í sviganum og svo “o.fl.” á eftir:

(Zipursky o.fl. 1979)

Fleiri en þrjár höfundar, frh.

- Ef svo vill til að vísað sé til tveggja verka sem eru bæði eftir fleiri en þrjár höfunda en hafa sama aðalhöfundinn er annað hvort að birta öll nöfnin:
 - (Zipursky, Smith, Jones og Brown 1983)
 - (Zipursky, Hull, White og Israels 1979)
- ... eða hafa aðalhöfund ásamt “o.fl.” og styttn titil:
 - (Zipursky o.fl., *Brief Notes*, 1983)
 - (Zipursky o.fl., *Preliminary Findings*, 1979)

Höfundar ekki getið

- Ef verkið er gefið út í nafni stofnunar og nafn höfundar/höfunda kemur hvergi fram á að setja nafn stofnunarinnar ásamt ártalinu:

(Menntamálaráðuneytið 1995)

Fleiri en eitt verk eftir sama höfund, útgefin sama ár

- Ef vísað er til tveggja heimilda eftir sama höfund sem eru báðar útgefnar sama árið skal auðkenna þær með a, b, c o.s.frv, svo:

(Ármann Jakobsson 2002a)

(Ármann Jakobsson 2002b)

Fleiri en ein heimild í sviganum

- Ef vísað er til fleiri en einnar heimildar í sama sviganum er höfð semíkomma á milli:

(Guðrún Nordal 2002; Jochens 1985)

(Guðrún Nordal 2002, 320-356; Jochens 1985, 17-47).

Blaðsíðutal, kafli eða undirhluti verks

- Þegar vísað er til tiltekins staðar í verkinu er blaðsíðutalið haft á eftir ártalinu og komma á milli. Ekki “bls.,” “pp.” eða aðrar skammstafanir!

(Ástráður Eysteinnsson 1991, 331)

(Farley 1997, 320-356)

Verk í tveimur eða fleiri bindum

- Þegar er vísað til verks sem er í mörgum bindum er bindisnúmerið haft á undan blaðsíðutalinu og tvípunktur á milli:

(Dunan 1987, 2:45-48)

Ath. þó: *Íslensk bókmenntasaga*

- Íslensk bókmenntasaga er dæmi um verk í mörgum bindum, en sérstakur ritstjóri er fyrir hvert bindi. Þess vegna á reglan í 8.15 ekki við.

(Halldór Guðmundsson 1992, 753-760)

(Guðmundur Andri Thorsson 2006, 433-439)

Staðsetning svigans

- Sviginn á að vera á undan punkti!

Þýðing Vigfúsar hefur ekki verið prentuð á Íslandi. Hún er prentuð í *Wormiana* í Danmörku árið 1994 (Worm 1994, 155-57).

Viðbótarupplýsingar

- Sviginn í APA-kerfinu er bara fyrir heimildavísanir. Viðbótarupplýsingar eiga að koma í neðanmálsgreinum eða athugasgreinum!
- Í neðanmálsgreinunum geta líka verið heimildavísanir í sviga.

Heimildavísun í sviga í neðanmálgrein

Ekki er ólíklegt að Andrés Guðmundsson sé einmitt faðir Guðmundar en ættir hans eru ókunnar. Sömmuleiðis er nafn móður og systur Guðmundar óþekkt og óljóst er hvort hann hafi átt fleiri systkini. Guðmundur hefur sjálfsagt talist ættsmár og því ekki ratað inn í ættartölubækur nema í framhjálaupi.¹ Hugsanlega mætti þó komast á snoðir um ættir hans með því að gaumgæfa ættir séra Gísla Brynjólfssonar á Bergstöðum nánar en mér hefur tekist að gera. Hann var vinveittur Guðmundi og gaf honum vitnisburð sinn en þar að auki kemur Guðmundur við sögu í tveimur skjölum er snerta séra Gísla. Annars vegar sem vottur ásamt föður sínum að ofangreindum landamerkjavitnisburði sem séra Gísli stóð fyrir. Hins vegar sem vottur að kaupbréfi sem gert var í Goðdölum þann 20. maí 1639 þar sem séra Gísli stendur í jarðakaupum. Svo virðist því sem að þeir hafi þekkt áður en Guðmundur flyst búferlum yfir í Húnavatnssýslu.

¹ Ættartölubók séra Þórðar Jónssonar í Hítardal er ekki til í frumriti en í því afriti sem talið er næst því sem séra Þórður lét frá sér fara virðist ekki minnst á Guðmund, sbr. AM 258 fol., 768. Um ættartöluhandritin, sjá Guðrún Ása Grímsdóttir, „Fornar menntir í Hítardal,“ *Ný saga 7* (1995): 44. Þrátt fyrir að Guðmundur hafi skrifað séra Þórði í Hítardal og beðið hann um að verja sig ef hann yrði kærður fyrir höfuðsmann vegna skrifa sinna um Stóradóm, sbr. Guðmundur Andrésson, *Deilurit*, xiii, þá getur séra Þórður hans ekki í ættartölubók sinni en ástæðan er líkast til sú að Guðmundur var af lágum stigum eins og hann minnst gjarnan á í skrifum sínum (Þórður Jónsson 1742, 334).

Heimildaskráin í APA-kerfinu

- Heimildaskrá = Reference-list
- Færsla í heimildaskrá = Reference-list entry

Punktur á eftir hverri færslu

- Sérhver færsla í heimildaskrá endar á punkti.

Höfundanöfn

- Færslur í heimildaskrá hefjast á nafni höfundar. Nöfnunum er raðað í stafrófsröð – fornöfnum Íslendinga og eftirnöfnum erlendra höfunda.

Aðalsteinn Ingólfsson.

Beck, Jeff.

Davíð Oddsson.

Horowitz, Vladimir.

Ártal

- Útgáfuár verksins kemur beint á eftir höfundanafninu.

Aðalsteinn Ingólfsson. 2003.

Beck, Jeff. 1989.

Davíð Oddsson. 1977.

Horowitz, Vladimir. 2008.

Ártal

- Þegar um er að ræða greinar úr tímaritum sem koma út oftast en einu sinni á ári er nánari tíðarákvörðun látin fylgja.

Einar Már Jónsson. 2008. „Leitin að Grýlu“ [ritdómur]. *Skírnir* 182 (vor), 241-245.

Hjálmar Sveinsson. 2009. „Skipulag auðnarinnar.“ *Tímarit Máls og menningar* 70 (1), 9-20.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson. 2004. „Sagnfræði og sagnlist“. *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar.

Titlar skáletraðir

- Í heimildaskránni eru titlar og undirtitlar verka hafðir skáletraðir.

Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting: Rannsókn á íslenskri rómantík*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Titlar ritraða

- Ef verkið er hluti af ritröð er nafn ritraðar og númer verks haft á eftir titli. Ekki skáletrað!

Baudrillard, Jean. 2000. *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*. Ritstj. Geir Svansson. [Atvik 3](#). Reykjavík: Bjartur.

Bjarni Guðnason. 1993. *Túlkun Heiðarvígasögu*. [Studia Islandica 50](#). Reykjavík. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

Hallfreðar saga. 1934. Ritstj. Einar Ól. Sveinsson. [Íslenzk fornrit 8](#). Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Bókarkaflar

- Þegar vísað er til bókarkafla er titillinn hafður óskáletraður og án gæsalappa.

Gylfi Gröndal. 2000. *Yfir djúpin dagur skín*. 22. kafli í *Steinn Steinarr: Leit að ævi skálds*.
Reykjavík: JPV forlag.

Greinar

- Titlar greina eru hafðir með gæsalöppum (ath. mun frá því sem sagt er í Turabian!).

Svanhildur Óskarsdóttir. 2005. „Um aldir alda: veraldarsögur miðalda og íslenskar aldartölur.“ *Ritið* 5 (3), 111-133.

Innskot um gæsalappir

- Í heilum setningum er punkturinn **fyrir innan** gæsalappirnar.

Segir Matthías að Torfhildur eigi skilið mikla þökk fyrir dugnaðinn „og þá einkum fyrir sit mikla stúdium á fornöld vorri“, en bætir við: „Privatissime færi ég þér það þakklæti.“

- Í setningahlutum er punkturinn **fyrir utan** gæsalappirnar.

Skáldsagan vakti mikla athygli, þótt einstaka gagnrýnendur hefðu sakað höfund um „dekur við úrelta hagsmuni í þágu danskrar yfirstéttar“.

Gæsalappir

- Í PC-tölvum: ALT+0132 og ALT+0147
- Minnisregla: Gæsalappir eiga að vera 99-66

RÉTT: „ “

RANGT: „ ”

Ritstjórar og þýðendur

- Nöfn ritstjóra og þýðenda koma á eftir titli.

*Undur alheimsins: alþjóðlegt ár
stjörnufræðinnar.* 2009. Ritstj. Sævar Helgi
Bragason. Seltjarnarnes: Stjörnuskoðunarfélag
Seltjarnarness.

Arbusov, Aleksej. 1962. *Tanja.* Þýð. Halldór
Stefánsson. Reykjavík: Ísafold.

APA í hnotskurn: Bækur

- Höfundur
- Ártal
- Titill
- (þýðandi, ritstjóri)
- Útgáfustaður
- Útgefandi.
- Jón Jónsson. 2005. *Bókin mín*. Reykjavík: Edda.
- Jón Jónsson (ritstj). 2005. *Bókin okkar*. Reykjavík: Edda.

APA í hnotskurn: Tímaritsgreinar

- Höfundur
- Ártal
- Titill (gæsalappir)
- Heiti tímarits (skáletrað)
- Árgangur: tölublað
- Blaðsíðutal
- Jón Jónsson. 2005. „Greinin mín.“ *Tímaritið* 18: 5-25

APA í hnotskurn: Greinar í bókum

- Höfundur
- ártal
- Titill (gæsalappir)
- Heiti bókar (skáletrað)
- Blaðsíðutal
- Ritstjóri
- Útgefandi
- Útgáfustaður
- Jón Jónsson. 2005. „Grein.“ *Bókin*, 7-72. Halldór Halldórsson, ritstj. Reykjavík: Útgáfan.

Oxford-tilvísanakerfið

- Í Oxfordkerfinu eru heimildavísanirnar hafðar í neðanmálgreinum (*footnotes*) eða athugasgreinum (*endnotes*).
- Kerfið er einnig nefnt *Footnote/Bibliography System*.

Fjögur hlutverk neðanmálsgreina

1. Vísanir til heimilda.

Staðreyndir

Skoðanir og túlkanir

Beinar tilvitnanir

2. Millivísanir.

3. Viðbótarupplýsingar.

4. Fyrirvararar, varnaglar.

Sumar neðanmálsgreinar falla í fleiri en einn flokk!

Viðaukar

- Ef verkinu fylgja viðaukar má vísa til þeirra í neðanmálgreinum.
- Viðaukar geta t.d. verið skýrslur, bréf, gröf, listar, tölfræðigögn – hvers kyns upplýsingar sem koma umræðunni við en er ekki hægt að fella inn í textann í heilu lagi.

Neðanmálsgreinar í inndregnum tilvitnunum

- Ef neðanmálsgrein (úr upprunalega textanum) fylgir inndreginni tilvitnun er hún höfð á sama stað – ekki neðst á síðunni.

Gísli Baldur Róbertsson hefur fjallað um veitinguna á öðrum forsendum en Magnús:

Árni Oddsson lögmaður fékk Reynistaðarklaustur eftir dauða Jóns Sigurðssonar sýslumanns sem lést 26. maí 1635. Hann bjó ekki á Reynistað heldur á Leirá í Borgarfirði, enda lögmaður að sunnan og austan, og hélt því ráðsmann til að sjá um rekstur klaustursins fyrir sig.¹ |Alls óljóst er hvenær Guðmundur tók við stöðu djákna á Reynistað. Jakob Benediktsson taldi dauða Sæmundar Kárssonar prófests að Glaumbæ, þann 19. júlí 1638, hafa orðið til þess að staðan losnaði.¹

¹ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, 64 og 126, II, 282-283 og III, 257-258. Hjá Páli Eggerti kemur fram að Jón hafi haldið klaustrinu jafnan eftir að hann fékk veitingu fyrir því 1607 en að Árni hafði tekið við því 1634, sbr. *Íslenzkar æviskrár* I, 64 og III, 257. Fyrst Árni hefur fengið skjöl klaustursins hjá erfingjum Jóns en ekki frá honum sjálfum hefur Jón að öllum líkindum haldið klaustrinu til dauðadags en ártalið 1634 mætti því skýra þannig að þá hafi Árni fengið vonarbréf fyrir klaustrinu.

Gísli Baldur heldur áfram og fullyrðir að málið hafi reynst flóknara en talið hefði verið í fyrstu. Hversu lengi Guðmundur gegndi stöðu djákna á Reynistað er ekki vitað með vissu en hann segir í höfuðlausnarbréfi sínu til Ole Worm, skrifuðu í Bláturni 7. október 1649, að eftir að hann missti djáknastöðuna hafi hann um tíu ára skeið verið embættislaus.

¹ Gísli Baldur Róbertsson, *Ævistarf Guðmundar Andréssonar*, Reykjavík: Mál og menning, 98.

Staðsetning tilvísunarmarkis

- Tilvísunarmarkið á allajafna að koma á eftir greinamerki (punkti, kommu, semíkommu).

Hannes að heiti „Morgunsaungur smaladreingsins“ (66) sem er villandi. Í þessum fyrstu prentuðu verkum hafði Halldór ekki tekið upp sína sérstöku stafsetningu og gerði það ekki fyrr en mörgum árum síðar.¹⁰⁰ Kvæðið heitir því „Morgunsöngur smaladreingsins“ og þannig er það einnig skrifað hjá Ólafi (105). Alls staðar þar sem Hannes vitnar í kvæðin, og reyndar fyrstu verk Halldórs yfirleitt, breytir hann stafsetningu þeirra í þá stafsetningu sem Halldór tók síðar upp. Þannig skrifar hann t.a.m. „hamíngjan“ í stað „hamingjan“ í ljóðinu sem hann kallar „Motto“.¹⁰¹

99 Snær svinni, „Ljóðmæli,“ *Morgunblaðið* 13. júní 1916, bls. 2.

100 Fyrsta bók Halldórs sem prentuð var með sérstakri stafsetningu hans er *Undir Helgahnúk* 1924. Næstu bækur eru prentaðar með samræmdri stafsetningu en frá og með *Dagleið á fjöllum* 1937 og *Ljósi heimsins* 1937 eru bækurnar prentaðar með stafsetningu Halldórs. Þá stafsetningu má hins vegar sjá í ýmsum tilbrigðum í bréfum hans allt frá 1922.

101 Sama einkennir tilvitnanir hans í fyrstu greinarnar sem Halldór birti undir nafni sem bréf til lesenda *Æskunnar* og vestur-íslenska barnablaðsins *Sólskin* í júní 1916, sbr. „Sólskinsbörn. Kveðjusending frá landa ykkar og vini austur á Íslandi,“ og „Barnablaðið ‚Sólskin‘“. Þar ritar Hannes „umkríngdur“, „híngað“ og „kríngum“ (66) í trássi við frumtextann sem hefur ekki broddstaf yfir i-inu. Um þessi fyrstu verk Halldórs undir nafni fjallar Helga Kress í greininni „Ilmanskógar betri landa. Um Halldór Laxness í Nýja heiminum og vesturfaraminnið í verkum hans“, *Ritmennt* 2002, sjá einkum bls. 138-140 [endurpr. í þessu riti]. Ekki getur Hannes þessarar heimildar í umfjöllun sinni um sömu verk, sbr. bls. 66-67 í bók hans.

ewig weibliche, móðirin, unnustan, guðsmóðirin. (83)

Í *Heiman eg fór* heitir þessi kona Svala og er „lifandi ímynd *des ewig weiblichen*“.²⁸ Hún hverfur, eins og konur gjarnan gera í verkum Halldórs, en hann finnur hana við foss í gili, í litlum klettsal, þar sem hún er að hlusta á læk:

27 Vitnað til eftir Peter Hallberg, *Vefarinn mikli I*, bls. 83. „Rauða kverið“ varð uppistaðan í *Heiman eg fór* sem Halldór lauk við 1924.

28 Halldór Kiljan Laxness, *Heiman eg fór* (1952), bls. 96. Skáletrunin er frá höfundu. Hér koma fram tengsl tónlistar, kvenleika og móðernis við „alvaldið“, eða taó sem svo víða má sjá í verkum Halldórs. Á einum stað ræðir hann þýðingu þeirra bræðra Jakobs Smára og Yngva Jóhannessonar á *Taoteking* sem kennd er við kínverska heimspekinginn Laotse og kom út á íslensku árið 1921 undir nafninu *Bókin um veginn*. Halldór hrósar mjög þýðingu þeirra, einkum á sjöttu kviðu, og segir svo um leið og hann bætir um betur:

Þeir bræður Jakob Smári og Yngvi Jóhannesson hófu sjöttu kviðu svo:

Ein neðanmálsgrein eða margar?

- Engin algild regla er til um fjölda neðanmálsgreina í sömu setningunni, en alla jafna þykir betra að hafa þær færri en fleiri – reyna að sameina margar neðanmálsgreinar í eina.

The means by which the traditional Western composers have attempted to communicate with their audience has been discussed at length by Eduard Hanslick,² Heinrich Schenker,³ Suzanne Langer,⁴ and Leonard Meyer,⁵ to name but a few.

Or:

The means by which the traditional Western composers have attempted to communicate with their audience has been discussed at length by Eduard Hanslick, Heinrich Schenker, Suzanne Langer, and Leonard Meyer, to name but a few.²

The single footnote would then read:

²Eduard Hanslick, The Beautiful in Music, trans. G. Cohen (New York: Novello, Ewer, 1891); Heinrich Schenker, Der freie Satz, trans. and ed. T. H. Kreuger (Ann Arbor: University Microfilms, 1960), pub. no. 60-1558; Suzanne Langer, Philosophy in a New Key (New York: Mentor, 1959); Leonard B. Meyer, Emotion and Meaning in Music (Chicago: University of Chicago Press, 1956), and Music, the Arts, and Ideas (Chicago: University of Chicago Press, 1967).

gagnrýni á fræðileg vinnubrögð höfundar þar sem einkum var bent á notkun hans á rannsóknum og textum annarra án þess að heimilda væri nægilega eða rétt getið. Einnig var bent á staðreyndavillur, rangar ályktanir og lélegan frágang.⁴ Það var til að svara þessari gagnrýni að Hannes boðaði til ofangreinds blaðamannafundar og lagði fram sitt varnarskjal. Þar viðurkennir hann að sér hafi orðið á „smávægileg ónákvæmni“ og „einhverjar villur“,⁵ en hafnar ásökunum um „ritstuld eða óheiðarleg vinnubrögð“⁶, og sé þetta „herferð“ gegn sér sem stjórnist „af öðrum og annarlegri hvötum en sannleiksást“.⁷

Í þessari grein verður sjónum beint að vinnubrögðum Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar við ævisöguritunina. Í fyrri hluta hennar verður fjallað um það hvernig Hannes yfirtekur texta Halldórs Laxness og gerir að sínum, en í þeim síðari hvernig hann á sama hátt nýtir sér efni úr ritum fræðimanna, einkum Peters Hallberg. Rétt er að leggja áherslu á að textataka Hannesar er það umfangsmikil að í greininni er einungis hægt að birta örfá sýnidæmi um vinnubrögð hans.⁸

4 Sbr. Páll Björnsson, Kastljós, RÚV, 18. desember 2003; Gauti Kristmannsson, Víðsjá, Rás 1, 22. desember 2003; Páll Baldvin Baldvinsson, Ísland í dag, Stöð 2, 22. desember 2003; Helga Kress, „Fyllt í gap,“ *Lesbók Morgunblaðsins* 27. desember 2003, bls. 16; Bjarki Bjarnason, „Hannes og Halldór,“ *Morgunblaðið* 30. desember 2003, bls. 27. Sjá einnig Gauti Kristmannsson, „Plagíat sem aðferð og hefð við Háskóla Íslands?“ *Morgunblaðið* 14. janúar 2004, bls. 29; Gauti Kristmannsson, „Úr Innansveitarkroniku Laxness,“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004, bls. 6; Sverrir Hermannsson, „Utansveitarkronika,“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004, bls. 21; Símon Steingrímsson, „Hannes tekur til láns,“ *Morgunblaðið* 21. janúar 2004, bls. 40; Þá má benda á umræðu þeirra Gauta Kristmannssonar, Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, Gísla Gunnarssonar og Eyjólfis Kristjánssonar á vefritinu www.kistan.is.

5 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð,“ bls. 29, dálkur 4.

6 Sama, bls. 28, dálkur 1.

7 Sama, bls. 29, dálkur 4. Þetta eru alþekkt viðbrögð við gagnrýni af þessu tagi, sbr. mál bandarísku sagnfræðinganna Stephen Ambrose og Doris Kearns Goodwin sem bæði urðu uppvis að ritstuldi í metsölubókum sínum um sögufrægt fólk. Mál þeirra komu upp svo til samtímis í ársbyrjun 2002. Þau vöktu gífurlega athygli og voru mjög til umræðu í bandarískum fjölmiðlum, þar sem gagnrýnendur voru ýmist sakaðir um persónulegar árásir, norrnaveiðar, ofstæki, öfund, hagsmunatengsl eða vinstrimennsku. Um þetta og fleira varðandi ritstuld má m.a. lesa á vefsíðu HNN (*History News Network*), www.hnn.us, undir tenglinum „Plagiarism“. Sjá einnig Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Ein fjöður“

Skammstafanir í neðanmálsgreinum

- Neðanmálsgreinar eru aukaupplýsingar og standa utan við hið áferðarfallega meginmál. Þess vegna er almennt talið í lagi að nota skammstafanir í neðanmálsgreinum.

Titlar sem koma oft fyrir

- Titlar verka (einkum tímarita og uppflettirita) sem koma oft fyrir eru gjarnan hafðir skammstafaðir. Þá er nóg að hafa fullan titil í fyrstu neðanmálsgreininni þar sem þeir koma fyrir.

Oxford English Dictionary = OED

Titlar sem koma oft fyrir

- Titlar verka sem oft er vitnað til eru stundum hafðir styttir. Þá er nóg að hafa fullan titil í fyrstu heimildavísuninni. Undirtitlar eru venjulega óþarfir.

Pagan Mysteries of the Renaissance

=> *Pagan Mysteries*

Good Masters! Sweet Ladies! Voices from a Medieval Village => *Good Masters*

Fyrsta heimildavísun

- Nafn höfundar
- Titill (og undirtitill) verks
- Nafn útgefanda, þýðanda eða ritstjóra
- Höfundur inngangs
- Númer útgáfu, ef ekki fyrsta útgáfa
- Nafn ritraðar, ásamt númeri í röðinni
- Útgáfustaður
- Forlag
- Útgáfuár
- Blaðsíðutal

Oxford-kerfið

- Matthías Viðar Sæmundsson heldur því fram í grein sinni að heimspeki Steinars sé „hryllingssýn sem minnir á svartsýniskenningar Schopenhauers”.¹
- ¹ Matthías Viðar Sæmundsson, „Steinar í djúpinu: Um Djúpið eftir Steinar Sigurjónsson”, *Heimur skáldsögunnar*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2001), 231-236.

Oxford-kerfið

- Roland Barthes skiptir, eins og er vel þekkt, viðbrögðum við ljósmyndum í tvennt, annars vegar ‘studium’; menningar- og sögulegan áhuga og hins vegar tilfinningaleg, óræð áhrif, sem hann nefnir ‘punctum’ og hann tekur fram að bæði viðbrögðin geti kviknað samtímis.[1]
- [1] Roland Barthes, *Le Chambre claire: Note sur la photographie*, París: Cahiers du cinéma, Gallimard, Seuil, 1980, 50-51.

Heimildaskrá: Frumheimildir

- Ackerley, J. R., *My Father and Myself* (London: Bodley Head, 1968)
- Ackroyd, Peter, *Dickens* (London: Sinclair-Stevenson, 1990)

Heimildaskrá: Frumheimildir

- - *Blake* (London: Sinclair-Stevenson, 1995)
- Antin, Mary, *The Promised Land*, inngangur og skýringar Werner Sollors (London: Penguin, 1997), fyrst útg. 1912

Heimildaskrá: Frumheimildir

- Auster, Paul, *The Invention of Solitude* (London: Faber and Faber, 1988), fyrst útg. 1982
- - *The New York Trilogy* (London: Penguin, 1990), fyrst útg. 1987-1988
- - *The Music of Chance* (London: Penguin, 1991), fyrst útg. 1990

Heimildaskrá: Eftirheimildir

- *American Autobiography: Retrospect and Prospect*, ritstj. Paul John Eakin (Madison: University of Wisconsin Press, 1991)
- Anderson, Linda, *Women and Autobiography in the Twentieth Century: Remembered Futures* (London: Prentice Hall and Harvester Wheatsheaf, 1997)
- Apter, Emily, „Comparative Exile: Competing Margins in the History of Comparative Literature“, *Comparative Literature in the Age of Multiculturalism*, ritstj. Charles Bernheimer (Baltimore: John Hopkins University Press, 1995), bls. 86-96
- *The Art of Literary Biography*, ritstj. John Batchelor (Oxford: Clarendon Press, 1995)

Ritstjórar og þýðendur

¹August von Haxthausen, Studies on the Interior of Russia, ed. S. Frederick Starr, trans. Eleanore L. M. Schmidt (Chicago: University of Chicago Press, 1972), 47.

²Helmut Thielicke, Man in God's World, trans. and ed. John W. Doberstein (New York and Evanston, Ill.: Harper & Row, 1963), 43.

Höfundar formála eða inngangs

reference. Note the style of the first of the following references, which is to Hammarskjöld's text:

¹Dag Hammarskjöld, Markings, with a foreword by W. H. Auden (New York: Alfred A. Knopf, 1964), 38.

The following reference, however, refers to the foreword by Auden:

¹W. H. Auden, foreword to Markings by Dag Hammarskjöld (New York: Alfred A. Knopf, 1964), ix.

- ¹ Julia Kristeva, *Svört sól*, þýð. Ólöf Pétursdóttir, ritstj. og höfundur formála Dagný Kristjánsdóttir (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008), 169.
- ¹ Dagný Kristjánsdóttir, „Ástin og listin gegn þunglyndinu“, formáli að *Svört sól* eftir Juliu Kristevu (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008), 15.

Upplýsingar um útgáfuna

- Upplýsingar um útgáfuna (*facts of publication*) eru:

(Borg: Forlag, ár)

(London: Hogarth Press, 1964)

Undantekningar!

- 1. Vísanir til **Biblíunnar** og verka frá klassískri fornöld og miðöldum eru án upplýsinga um útgáfuna.
- 3. **Orðabækur og alfræðirit** eru bara með ártali og útgáfu.
- 5. **Tímarit** eru alla jafna bara með ártalinu (nöfnum ritstjóra, forlagi og útgáfustað er sleppt!)

Nöfn borga

- Nöfn borga eru þýdd á íslensku þegar hefðin segir til um (t.d. Kaupmannahöfn, Brussel, Stokkhólmur, Árósar, París, Róm, Þórshöfn...) en annars höfð á frummálinu (New York, London, Barcelona, Oxford).
- Þegar um er að ræða borgir sem heita sama nafni og aðrar borgir getur verið gott að setja inn nánari upplýsingar, t.d. ríki, fylki eða sýslu (t.d. Cambridge, Mass.)

Útgáfustað vantar

- Barbara Reynolds, *Dante: The Poet, the Political Thinker, the Man* (Útgáfustað vantar: Shoemaker & Hoard, 2006)

Fleiri en einn útgefandi (copublished work)

(New York: Alfred A. Knopf and Viking Press, 1966) ·
(Boston: Ginn & Co., 1964; Montreal: Round Press,
1964)

Tvær heimildavísanir í röð í sama verk

- Þegar vísað er tvisvar í röð í sama verkið er nóg að segja “sama” í seinna skiptið.
- ¹ Jacques Derrida, *Sporar. Stílar Nietzsches* (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2003), 33.
- ² Sama, 38.

MLA-tilvísanakerfið

- MLA er skammstöfun fyrir *Modern Language Association*.
- Í MLA-kerfinu eru heimildavísanir í sviga, ekki neðanmálgreinum.
- Færslur í heimildaskrá eru nánast eins og í Oxford-kerfinu, en sviginn utan um útgáfuupplýsingarnar er ekki hafður með.

Höfundur. *Titill*. Borg: Útgefandi, ártal.

MLA: Bók

- (Rowe og Jeffus 345)
- Rowe, Richard og Larry Jeffus. *The Essential Welder: Gas Metal Arc Welding Classroom Manual*. Albany: Delmar, 2000.

MLA: Grein, ljóð, smásaga (í bók)

- Höfundur. „Titill sögu“. *Bók*. Ritstjóri. Útgáfa. Útgáfustaður: Forlag, ártal. Blaðsíðutal.

MLA: Grein, ljóð, smásaga (í bók)

- (Purcell 23)
- Purcell, Arthur H. „Better Waste Management Strategies Are Needed to Avert a Garbage Crisis.“ *Garbage and Recycling: Opposing Viewpoints*. Ritstj. Helen Cothran. San Diego: Greenhaven, 2003. 20-27.

Stundum er blaðsíðutalið látið duga

- Ef nafn höfundar kemur fram í sjálfu meginmálinu þarf það ekki að vera í sviganum.
- Arthur Purcell fullyrðir að með tilkomu grenndarstöðva í bandarískum úthverfum á níunda áratugnum hafi útpensla ruslahauga dregist saman um allt að 20% á ári (96).

MLA: Grein (í tímariti)

- Höfundur. „Titill greinar“. *Tímarit* ártal: Blaðsíðutal.

MLA: Grein (í tímariti)

- Björn Ægir Norðfjörð. „Einsleit endurreisn: íslenskar heimildamyndir á nýrri öld“. *Saga* 2008 (2), 114-149.

 [Back to top](#)

To cite this page:

[MLA style:](#)

"Williams, Hank." *Encyclopædia Britannica. Encyclopædia Britannica Online*. Encyclopædia Britannica, 2009. Web. 16 Nov. 2009 <<http://search.eb.com/eb/article-9077075>>.

[APA style:](#)

Williams, Hank. (2009). In *Encyclopædia Britannica*. Retrieved November 16, 2009, from Encyclopædia Britannica Online: <http://search.eb.com/eb/article-9077075>



[Advanced Search](#)



Not s

Heimildaskráin flokkuð

- Stundum er hentugt að flokka heimildirnar í heimildaskránni, t.d. í:
 - Frumheimildir og eftirheimildir
 - Skáldskapur og fræðirit
 - Verk eins höfundar og önnur verk
 - Óprentuð og prentuð verk

Heimildir

Óprentaðar heimildir

Lbs 23 NF. Bréfasafn Jóns Helgasonar.

Lbs 200 NF. Bréfa- og handritasafn Halldórs Laxness.

Lbs án safnmarks. Bréfasafn Jóns Leifs.

Prentaðar heimildir

Adorno, Theodor. „Rede über Lyrik und Gesellschaft.“ *Noten zur Literatur I*, Frankfurt am Main: Suhrkamp Verlag, 1969.

Einar Benediktsson. „Til Huldu.“ *Ingólfur* 3. apríl 1904.

Einar Benediktsson. *Hrannir*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1913.

„Ég hallast helst að íslenskum hégiljum.“ Viðtal Þórunnar Sigurðardóttur við Málfríði Einarsdóttur. *Þjóðviljinn* 9.-10. janúar 1982.

Eysteinn Þorvaldsson. „Ljóðagerð sagnaskálds. Um ljóð Halldórs Laxness.“ *Ljóðaping*. Um íslenska ljóðagerð á 20. öld. Baldur Hafstað og Þórður Helgason önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Ormstunga, 2002.

Uppsetning heimildaskrár

- Einfalt línubil skal vera í heimildaskránni, jafnvel þótt meginmálið sé ritað með $1 \frac{1}{2}$ -földu eða tvöföldu línubili.
- Eitt bil á milli færslna.
- Séu færslur fleiri en ein lína eiga neðri línur að vera inndregnar.

Calder, Angus. 1987. *T.S. Eliot*. The Harvester Press, Brighton.

Eliot, T.S. 1980. *The Complete Poems and Plays 1909-1950*. Harcourt Brace & Company, New York.

_____. 1991. „Hefðin og hæfileiki einstaklingsins“. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Þýð. Matthías Viðar Sæmundsson. Bls. 43-52.

Esty, Jed. 2003. „Eliot’s Recessional: *Four Quartets*, National Allegory, and the End of Empire.“ *The Yale Journal of Criticism* vor 2003. Bls. 39-60.

George, A.G. 1969. *T.S. Eliot. His Mind and Art*. Asia Publishing House, London.

Fleiri en einn höfundur

- Í verkum þar sem eru tveir eða fleiri höfundar er nafn hins fremsta haft viðsnúið (eftirnafn, fornafn) en nöfnin sem á eftir fylgja eru í réttri röð (fornafn eftirnafn).

Felman, Shoshana og Dori Laub. 1992. *Testimony: Crises of Witnessing in Literature, Psychoanalysis and History*. Routledge, New York og London.

Mörg verk eftir sama höfund

- Séu fleiri en eitt verk eftir sama höfund í heimildaskrá er nóg að hafa nafnið í fyrstu færslunni og svo strik í stað nafns í færslunum á eftir, svo: _____.
- Verkum er oftast raðað eftir tímaröð, en stundum stafrófsröð.

Eliot, T. S. The Sacred Wood: Essays on Poetry and Criticism. London: Methuen, 1920.

_____. The Waste Land. New York: Boni & Liveright, 1922.

_____. Murder in the Cathedral. New York: Harcourt, Brace, 1935.

Or:

Eliot, T. S. Murder in the Cathedral. New York: Harcourt, Brace, 1935.

_____. The Sacred Wood: Essays on Poetry and Criticism. London: Methuen, 1920.

_____. The Waste Land. New York: Boni & Liveright, 1922.

Samtantekt: APA, Oxford, MLA

APA	OXFORD	MLA
Heimildavísanir í sviga.	Heimildavísanir í neðanmálsgreinum.	Heimildavísanir í sviga.

APA, Oxford, MLA: Heimildavísanir

APA	OXFORD	MLA
(Ástráður Eysteinnsson 1993, 177)	¹ Ástráður Eysteinnsson, „Í fuglabjargi skáldsögunnar“, <i>Halldórsstefna</i> , Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 1993, 177.	(Ástráður Eysteinnsson, 177)

APA, Oxford, MLA: Heimildaskrá

APA	OXFORD	MLA
Brinkley, Alan. 1993. <i>The Unfinished Nation</i> . New York: Knopf.	Brinkley, Alan, <i>The Unfinished Nation</i> (New York: Knopf, 1993)	Brinkley, Alan. <i>The Unfinished Nation</i> . New York: Knopf, 1993.